

**Akureyrarbær**  
**Verklagsreglur um ráðningar stjórnenda og annars starfsfólks**  
**m.t.t. kynjasjónarmiða**

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hafa atvinnurekendur þá skyldu að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Rétt er að taka fram að meginregla við ráðningar er að ráða hæfasta einstaklinginn. Komi upp sú staða að tveir einstaklingar af gagnstæðu kyni séu hæfastir og jafnhæfir skal fara að ákvæði jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar þar sem segir: „Þegar ráðið er í störf hjá bænum skal unnið að því að jafna hlut kynjanna. Skal meginreglan vera sú að standi valið á milli **jafnhæfra** umsækjenda af gagnstæðu kyni skal sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein hjá bænum.” Með reglum þessum er ákvæði þetta skilgreint frekar. Að öðru leyti vísast til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Markmiðið með reglum þessum er að stuðla að sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í sambærilegum störfum innan hvernar deildar og hvernar stofnunar Akureyrarbæjar. Leiðarljósið er að nýta mannauð og sjónarmið beggja kynja í sem flestum þáttum í starfsemi bæjarins og því stefnt að sem jöfnustu kynjahlutfalli starfsfólks innan hvernar deildar og stofnunar. Verklagsreglum þessum er einnig ætlað að vera stuðningur og aðhald við ráðningarvaldshafa svo ávallt sé ljóst hvaða störf skulu höfð til hliðsjónar vegna mats á kynjahlutfalli.

*Viðmið vegna ráðninga embættismanna<sup>1</sup> :*

Þegar ráðið er í stöðu æðstu stjórnenda bæjarins þ.e. embættismanna skal taka tillit til kyns þeirra sem fyrir eru í störfum á þessu sviði.

*Viðmið vegna ráðninga annarra stjórnenda:*

Við ráðningar stjórnenda einstakra stofnana bæjarins skal horft til kynjahlutfalls sambærilegra stjórnenda innan hvernar deildar eða stofnunar. Sem dæmi má nefna að fræðslustjóri skal horfa til kynjahlutfalls skólastjóra grunnskólanna þegar ráðinn er nýr skólastjóri. Á sama hátt skal litið til kynjahlutfalls meðal leikskólastjóra þegar ráðinn er nýr leikskólastjóri o.s.frv. Þegar ráðinn er aðstoðarskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri skal hafa kyn skólastjóra/leikskólastjóra til viðmiðunar.

*Viðmið vegna ráðninga annars starfsfólks:*

Stjórnendur skulu við ráðningar leitast við að jafna kynjahlutfall starfsfólks í sambærilegum störfum innan hvernar deildar eða stofnunar. Skal tekið á því í jafnréttisáætlun/starfsáætlun hvernar deildar, stofnunar fyrir sig. Þegar ráðið er í stöður félagsráðgjafa á fjölskyldudeild til dæmis skal taka mið af kynjaskiptingu starfsmanna sem fyrir eru í þeim stöðum. Sama gildir um ráðningar bókara í bókhald, vélamanna hjá Framkvæmdamiðstöð, sjúkraliða á dvalarheimili aldraðra, bókasafnsfræðinga á Amtsbókasafni, bílstjóra hjá SVA o.s.frv.

Jafnréttisráðgjafi skal hafa eftirlit með og taka saman upplýsingar um ráðningar eftir reglum þessum.

<sup>1</sup> Þessi störf heyra beint undir bæjarstjóra og mynda efsta lag í skipuriti á eftir honum.